

Hafnarfjarðarbær  
Berglind Guðmundsdóttir,  
landslagsarkitekt  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður



Reykjavík, 24. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141000162/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi svæðis Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krísuvíkurveg**

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi akstursvæðis Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krísuvíkurveg.

#### **Aksturssvæðið - óraskað hraun**

Svæðið sem um er að ræða er 30 ha svæði milli Hrauntungna og Krísuvíkurvegar, þar sem eru akstursbrautir nú þegar. Í deiliskipulagstillögu eru nýjar brautir skipulagðar á 8 ha svæði við Krísuvíkurveg sem Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar leigir af Skógrækt ríkisins. Fram kemur í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillögunni að aksturssvæðið stækki inn á svæði sem í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er merkt fyrir efnistökur/efnislosun. Einnig segir að á efnistökusvæðinu sé hraun grófjafnað og því verði óröskuðu hrauni ekki raskað með breytingunni. Umhverfisstofnun bendir á að verið er að stækka aksturssvæðið mikið og þó að nýjar brautir séu skipulagðar inni á efnistökusvæði þá er verið að innlima stórt svæði með óröskuðu hrauni í akstursbrautarsvæði. Þar sem stígar eru áætlaðir á óröskuðu hraunsvæði, bendir Umhverfisstofnun á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 njóta hraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Stofnunin bendir einnig á að mikilvægt er að áætlaðir stígar séu vel skilgreindir svo að hrauninu umhverfis þá verði ekki raskað.


#### **Helstu stefnumið og tengsl við aðra áætlunargerð**


Í greinargerð kemur fram að eitt af markmiðum deiliskipulagsins er að færa utanvegaakstur vélhjóla inn á þar til gert svæði. Einnig er eitt af markmiðunum að stuðla að auknu umferðaröryggi með því að færa hraðakstur af götum á þar til gert svæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að styðja slíkar fullyrðingar um markmið með rannsóknum og tölum. Nú hafa víða verið tekin frá svæði fyrir akstursbrautir, en fréttir af utanvegaakstri eru enn afar áberandi, þannig að Umhverfisstofnun beinir því til Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar að setja fram tölur sem sýni að akstursbrautir minnki hraðakstur og utanvegaakstur.

## Niðurstaða

Í ofangreindri deiliskipulagstillögu er verið að skipuleggja akstursbrautir inni á svæði sem er raskað af efnistöku. Nú þegar eru akstursbrautir á svæðinu. Kringum bæði eldra og nýja brautarsvæðið er hraun sem er að mestu óraskað. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þeim hraunsvæðum verði ekki raskað að óþörfu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fullyrðingar um að með uppbyggingu akstursbrauta minnki utanvegaakstur og hraðakstur á vegum, séu studdar rökum og tölulegum upplýsingum.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri